BYGGINGARLÝSING
Ásvellir 1 Hafnarfirði, Knatthús hauka
Landnúmer: 120001. **Staðgreinir:** 1400-1-04400010 Hnit: Ísnet93

Almennt.
Í byggingunni er knattsalur í fullri stærð, göngubraut er kringum völlinn og stúkur fyrir 800 áhorfendur. Í þjónustubyggingu eru búningsherbergi, áhaldageymsla anddyri og fleira.
Notkun eignarinnar
Knatthúsið skiptist í knattsal og þjónustubyggingu. Innan knattsalar er gervigrasvöllur með göngubraut í kring og útdraganlegum stúkum fyrir 800 áhorfendur við aðra langhliðina. Í þjónustubyggingunni eru stoðrými tengd knattsal. Knattsalur er 82,5x120 m að innanmáli. Völlur er 105x68 m (full stærð), frí hæð fyrir miðju vallar er 20 m og í átt að langhliðum hans. Hægt er að skipta vellinum í tvo hluta með skiptitjaldi eftir miðjunni. Við suðurhlið íþróttasalar er upphitunarsvæði með samskonar gervigrasi og völlur.
Áhaldageymsla er í suðurhorni þjónustubyggingar með beina tengingu við knattsal. Fyrir miðju þjónustubyggingar eru fjögur búningsrými fyrir iðkendur. Í þjónustubyggingu verður einnig aðstaða fyrir starfsfólk, kennara/dómara, þvottur og ræstingu. Um aðalinngang er komið inn í vindfang og þaðan í anddyri. Afgreiðsla/vakt hússins er fyrir miðju anddyri. Frá anddyri eru aðkomuleiðir að stoðrýmum fyrir iðkendur og starfsfólk, einnig er hægt að fara beint inn í íþróttasal frá anddyri. Salerni fyrir almenning eru á svæði innan anddyris, einnig eru salerni í hverjum búningsklefa.
Fjöldi hæða
Byggingin er á einni hæð og skiptist í knattsal og þjónustubyggingu við suð-vestur gafl hans.
Áætlaður fjöldi starfsmanna og mesti fjöldi fólks.
Heildarfjöldi starfsmanna í húsinu er um fjorir en ráðgert er að um tveir starfsmenn séu að jafnaði á vakt í einu. Gert er ráð fyrir að Íþróttasalur geti tekið 800 áhorfendur í sæti. Áætlaður mannfjöldi í húsi er um 350 manns við æfingar að jafnaði og allt að 9000 manns í stuttan tíma við sérstaka viðburði.
Almenn lýsing á burðarkerfi
Þak knatthússins er byggt upp af stálgrindarbogum sem eru undirstuddir af steyptum spyrnuveggjum meðfram langhliðunum. Trapisuplötur úr stáli spanna á milli stálgrindarboganna og ofan á þær kemur einangrun og dúkur. Útveggir salarins eru steyptir upp í 6m hæð, en spyrnuveggirnir eru aðeins hærri og ná upp í 10m hæð. Í báðum göflunum standa stálsúlur ofan á steyptum veggjunum og ná þær upp að þakbrúninni. Stálsúlurnar í göflunum verða klæddar með stálsamlokueiningum. Þjónustubyggingin verður úr járnbentri steinsteypu með holplötur í þakinu.
Byggingarefni gólf, útveggja og baks, einangrun, frágangur og efni
Gólf þjónustubyggingarinnar eru staðsteypt og einangrað með plasteinangrun, 100mm, 25kg/m3.
Epoxygólf eru á búningsherbergjum, þvottahúsi og ræstingu. Linoleumdúkur er á gólfum afgreiðslu, kaffistofu, sjúkraherbergja og aðstöðu kennara og dómara. Flísar eru á göngum og stighúsi við búningsherbergi og í anddyri og forsal. Í vindfangi er motta, annarstaðar eru gólf máluð. Gólfefni knattsalar eru ýmist gervigras eða íþróttadúkur. Gervigras er lagt á fjöðrunapúða sem lagður er á grús og sand. Undir göngubrautardúk er lag af malbiki. Sökklar eru einangraðir að utanverðu með 50mm steinullareinagrun, 120-135 kg/m3.
Veggir hlöðarbyggingarinnar eru einangraðir að utan með steinull, 125mm, 80kg/m3 veggplötur og klæddir með álklæðningu með undirkerfi úr ál. Steyptir veggir íþróttasalar eru einangraðir með 75mm steinullareinangrun og klæddir álklæðningu. Gaflar knattsalar eru berandi samlokueiningar úr hárþressaðri steinull sem klædd er málmplötum báðum megin. Einingarnar eru skrúfaðar á undirvirki úr stáli.
Í þökum þjónustubyggingarinnar eru berandi holplötur með ásteypulagi. Ofan á þakplötur er heilsoðinn asfaltdúkur í tveimur lögum, a.m.k. 8 kg/m². Ofan á asfaltdúk er sett 200mm vatnsþolin þakeinangrun í tveimur víxlögðum lögum. Ofan á einangrun er settur afrennslisdúkur (Mink system) sem tekur meginhluta regnvatns og veitir í þakniðurföll. Ofan á afrennslisdúk er sett drenlag og síðan er grjótmulningur.
Vatnshalli er 1:50 og er gerður með hallandi plötu og ásteypulagi á þaer.
Þak knattsalar er úr stálbitum klætt með berandi trapizuklæðningu. Einangrað með steinullareinangrun 40mm 150kg/m3 + 120mm 130kg/m3 + 40mm 200kg/m3 og klætt PVC dúk. Þakdúkur er grár.
Álklæðning á útveggjum þjónustubyggingar er rauð. Litur veggja íþróttasalar eru tvískiptur, rauður í hæð með þjónustubyggingu og silfurlituð þar fyrir ofan.
Millipallar fyrir loftræsibúnað eru úr stálrömmum, klæddir stáldekki. Fjölmiðlapallur eru úr stál- og timburvirki.

Gerð glugga, hurða og glers
Hurðir og gluggar eru úr áli. Gler er tvöfalt einangrunargler, almennt er glært en sem sendinni áferð á sólarálagssvæðum. U-gildi kringum 1.2w/m2K, G-gildi á bilinu 35-38%, LG-gildi á bilinu 65-70% og LRút-gildi ca. 13%. Glerþykkt mæta kröfum byggingarreglugerðar og staðla sem þar er vísað til. Við val á glergerðum eftir staðsetningu er fylgt (Rb (31). 121.3)

Gerð og hæð handriða innan sem utan
Fallvörn/handrið úr máluðu stáli er á stúkum, hæð 110 cm. Fallvarnir við tækni- og fjölmiðlapall eru 120 cm.
Gerð trappa, stíga, svala, veranda, gryfja og annarra mishæða
Allir stigar við tæknipalli eru úr máluðu stáli. Klifurstigi er upp á tæknipall og hringstigi úr stáli upp á fjölmiðlapall. Gryfja er undir inntakstöflu í rafmagnsrými.
Gerð innveggja, hljóðeinangrun
Innveggir er flestir steyptir eða hlaðnir/múrhúðir. Í nokkrum tilfellum eru þeir léttbyggðir úr gipsi á blikkstoðum. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um hljóðeinangrun veggja.
Gerð innihurða, hljóðeinangrun og brunaþol
Innihurðir er ýmist harðplastlagðar, plast- eða stálhurðir í ryðfríum eða máluðum körmum
Klæðningar innanhúss
Léttar klæðningar, gipsplötur á blikkstoðum, eru bakvið salerni á snyrtingum.
Loft í áhaldageymslu og í tæknirýmum í þjónustubyggingu eru máluð. Ónnur loft í hliðarbyggingum eru niðurtekin kerfisloft með hljóðísogi.
Berandi gataðar trapisuplötur yfir íþróttasal mynda endanlegt yfirborð lofts yfir honum. Hliðar trapisu í plötum eru sígataðar og hafa hljóðísogseiginleika. Gafiveggir knattasalar eru að stórum hluta klæddir hljóðísogsklæningu.
Reiknað einangrunargildi hvers einstaks byggingarhluta (kólnunatölur)
Botnplata knatthús: 0,48 W/m²K
Botnplata þjónustubygging: 0,24 W/m²K
Samlokueiningar veggur knatthús: 0,33 W/m²K
Steyptur veggur knatthús: 0,44 W/m²K
Steyptur veggur þjónustubygging: 0,31 W/m²K
Þak knattsal: 0,22 W/m²K
Þak þjónustubygging: 0,20 W/m²K

Reiknað heildarhitatap og heildarorkuþörf
Reiknað varmatap: 319000 W
Varmatapsrammi skv. reglugerð: 328000 W

Lagnir
Forsendur hönnunar
Öll hönnun verður í samræmi við og mun uppfylla kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012.
Við hönnun er miðað við að útihiti verði lægstur -15°C.
Innihiti í knattsal miðast við +15°C og innihiti þjónustubyggingar +22°C.
Hitalagnir
Lagnir verða úr skrúfuðu svörtu stáli. Byggingin verður tengd hitaveitu og stofnlagnir verða einangraðar.
Öll rými í þjónustubyggingunni verða hituð með gólfhita sem verður tengdur hitaveitu með uppblöndun.
Knattsalur verður hitaður með loftræsikerfi og gólfhita.
Snjóbræðsla verður við aðalinnganga byggingarinnar og á bílastæðum fyrir fatlaða.
Neysluvatnslagnir
Stofnlagnir verða úr ryðfríu stáli eða plasti, greinalagnir að tækjum verða úr plastefni.
Neysluvatnskerfi er upphitað kalt vatn á varmaskipti.
Heitt vatn verður með hringrás til að tryggja að ákvæði byggingarreglugerðar séu uppfyllt. Neysluvatn frá töppunarstöðum mun ekki fara yfir 43°C eins og byggingarreglugerð gerir ráð fyrir. Allar neysluvatnslagnir eru einangraðar með hólkum og innveggjaeinangrun.
Frárennislislagnir
Lagnir undir botnplötu og á lóð verði úr PVC, stofn- og greinalagnir innanhúss verða úr hljóðeinangrandi PP plasti. Tengingar að tækjum innan rýma verða einnig úr PP.
Frárennsli frá byggingunni verður leitt í veitukerfi úti í götu.
Regnvatn af þaki og ákveðnum svæðum utanhúss verður leitt niður í jarðveg á svæðinu

Loftræsing
Öll hönnun verður í samræmi við og mun uppfylla kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012.
Vélræn loftræsing, innblástur og útsog, verður í knattsal og öllum rýmum þjónustubyggingar.
Loftræsikerfi í knattsalnum verður með varmaendurvinnslu og verður stýrt eftir notkun. Loftræsikerfi í þjónustubyggingunni verður ýmist með breytilegu loftmagni (VAV) sem stýrist eftir álagi/notkun í rýmunum eða með föstu loftmagni og keyrt eftir klukku.

Raflagnir
Raflagnir í byggingunna eru hefðbundnar. Þær skulu vera samkvæmt IST 200 (Raflagnir bygginga) og uppfylli allar öryggiskröfur og um leið sértækar öryggiskröfur skv. reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009.
Allt raflagnaefni og rafmagnstæki skulu vera CE-vottuð m.ó.o. framleiðandi, innflytjandi og dreifingaraðili vörunnar ábyrgjast að hún uppfylli þær grunnkröfur um öryggi sem tilskipanir Evrópusambandsins kveða á um.
Raflagnaefni og rafbúnaður byggingarinnar sé löglega markaðsfærð á Íslandi, þ.e. prófað af prófunarstofnun sem Neytendastofa viðurkennir og uppfyllir jafnframt ákvæði um rafsegulsviðssamhæfi (EMC).
Aðaldreifing verður 400/230 V TN-S kerfi, þar sem N-leiðari og PE-leiðari eru aðgreindir í öllu kerfinu. Aðaldreifiskápur verður staðsettur í inntaksrými rafkerfa.
Lagnaleiðir eru að mestu utanáliggjandi netbakkar/strengjastigar og pípur fyrir ofan niðurtekinn loft og að búnaði. Pípur í veggjum í þjónustubyggingu skulu vera innfelldar að undanskyldum tæknirýmum.
Lýsing í húsinu verður með LED ljósgjöfum með longum endingartíma ljósgjafa og lampa. Lýsingu er stjórnað ýmist með Dali og KNX búnaði.
Lýsing verður utandyra við göngustíga og bílastæði.
Neyðarlýsingarkerfið verður samkvæmt brunatæknilegri hönnun hússins og miðað verður við miðlægt kerfi sem vaktar ljósgjafa. Varafl og stjórnstöð verða í tæknirými.
Stjórnstöðin heldur utan um stöðu hvers lampa og sér um prófun á búnaði. Þetta er gert til auðveldu þjónustu og viðhald.
Brunaviðvörunarkerfi verður samkvæmt brunatæknilegri hönnun hússins miðað verður við númeríska stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd við hlið stöðvar.
Í byggingunni eru ýmis fjarskiptakerfi, svo sem tölvulagnir, símalagnir, öryggiskerfi, myndavélakerfi og hljóðkerfi. Vöktun lagnakerfa verður með hússtjórnunarkerfi.
Hleðsla rafbíla er við bílastæði fyrir fatlaðra. Rafbílahleðsla fyrir aðra verður á afmörkuðu svæði, sameiginlegu með öðrum mannvirkjum á Íþróttasvæðinu.

Brunavarnir
Brunavarnir eru samkvæmt brunahönnun ÓRUGG verkfræðistofu dags. 26. október 2022.
Notkunarskilmálar vegna brunavarna
Knatthús og almenn rými gesta verða í notkunarflokki 2, en starfsmannasvæði eru í notkunarflokki 1. Í knattsal er gert ráð fyrir að brunaálag verði undir 400 MJ/m², en undir 800 MJ/m² í þjónustubyggingu.
Fólksfjöldi við æfingar er 350 manns og 800 gestir í stúku. Hönnun brunavarna gerir ráð hámarks fólksfjölda 9000 manns.
Brunaviðvörunarkerfi
Í allri byggingunni verður brunaviðvörunarkerfi, tengt viðurkenndri vaktstöð samkvæmt leiðbeiningum HMS og ÍST EN 54. Gert er ráð fyrir stöð brunaviðvörunarkerfis í afgreiðslu/starfsmannaaðstöðu.
Ekki er krafa um að kerfið tengist núverandi kerfi Ásvalla 1. Valkvæett er að hafa tengingu milli bygginganna þ.a. hægt sé að fá upplýsingar um brunaboð frá knatthúsi, í afgreiðslu núverandi íþróttamiðstöðvar.
Handslökkvibúnaður
Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3. Gerð og staðsetning einstakra handslökkvitækja er skilgreind í brunahönnun. Slöngukefli eru skv. teikningu. Í knattsal er gert ráð fyrir 60m og 40m slöngukeflum.
Sjálfvirk slökkvikerfi
Ekki er gerð krafa um sjálfvirkt slökkvikerfi í byggingunni þótt stærð meginbrunahólfa sé yfir mörkum viðmiðunarregllna gr. 9.6.12 í byggingarreglugerð. Brunavarnir verða leystar með öðrum viðurkenndum aðferðum þannig að meginmarkmið byggingarreglugerðar varðandi brunatæknilegt öryggi teljist uppfyllt.
Reyklosun
Sjálfvirk reyklosun verður í þaki knattsalar. Reiknað er með 8 stk. reykræsiblásurum í þaki, hver um sig 5 m³/s Í flokki F300/60 skv. ÍST EN 12101-3. Aðloft verður um glugga á vegg, samtals 8m² og útidyr/flóttaleiðir sem opnaðar eru við rýmingu. Reyklosun frá þjónustubyggingu verður um útihurðir.
Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Uppfylla skal gildandi staðla fyrir leiðarmerkingar og neyðarlýsingu: ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172.Neyðarlýsing verður 0,5 lúx í knattsal, snyrtingum hreyfihamlaðra og á opnum svæðum stærri en 60m² en 1 lúx á flóttaleiðum. Í stigum, tröppum og tæknirýmum verður neyðarlýsing 5 lúx.
Allar flóttaleiðir í mannvirkjum skulu vera með nægjanlega almenna lýsingu þannig að notkun þeirra sé greið og tekið tillit til algildrar hönnunar.
Tryggja skal órugga lýsingu á útisvæðum ætluðum til rýmingar frá byggingunni. Lýsing skal vera allan hringinn í kring um bygginguna, vegna flóttaleiða og aðkomu neyðaraðila.
Rýming við eldsvoða
Skylt er að setja upp rýmingaráætlun fyrir bygginguna í samræmi við reglur HMS og Vinnueftirlitsins.
Reiknað er með að settir verði upp uppdrættir í byggingunni sem sýna upplýsingar um útgönguleiðir ásamt upplýsingum um viðbrögð við rýmingu vegna eldsvoða eða annarrar hættu.
Flóttaleiðir
Flóttaleiðir frá knattsal verða um tvöfaldar hurðir beint út. Áætluð heildar breidd flóttaleiða fyrir 9000 manns er 36 m, u.þ.b. 18-20 stk. tvöfaldar hurðir, sem eru hver um sig með um u.þ.b. 2m ljósmál. Reikna þarf með að ekki séu allar flóttaleiðir aðgengilegar. Það getur verið vegna elds eða þá að svið eða annað tengt atburði takmarki aðgengi.
Í áhorfendastúku mega ekki vera fleiri en 12 stólar í samfelldri röð að gönguleið. Við hönnun áhorfendastúku skal farið eftir viðmiðunarreglu 6 gr. 9.5.8 í byggingarreglugerð.
Flóttaleiðir verða að hluta til um anddyri þjónustubyggingar, um tvennar tvöfaldar hurðir. Ekki er reiknað með öðrum hurðum inn í þjónustubyggingu sem flóttaleiðum.
Flóttaleiðir frá þjónustubyggingu verða um anddyri eða um sér flóttahurðir frá flóttagangi.
Dyr í flóttaleið
Allar flóttaleiðir frá knattsal verða með neyðarslá skv. ÍST EN 1125.
Hurðir í flóttaleiðum sem eingöngu þjóna gestum í þjónustubyggingu skulu hafa opnunarbúnað skv. ÍST EN 179.
Aðrar hurðir í flóttaleið að skulu hafa a.m.k. hún og sneril.
Frágengi fyrir alla
Reiknað er með að hreyfihamlaðir geti nýtt sér allar almennar rýmingarleiðir frá byggingunni.
Varnir gegn eldsútbreiðslu
Klæðningar og gólf
Flokkun klæðninga og gólfefna er skv. ÍST EN 13501-1 [1]. Reiknað er með að yfirborð veggja innanhúss verði B-s1,d0 (flokkur 1).
Utanhússklæðningar verða óbrennanlegar, í flokki A2-s1,d0 skv. ÍST EN 13501-1.
Öll einangrun skal vera óbrennanleg nema skv. staðliðum a.-e. gr. 9.6.10 í byggingarreglugerð.
Gólfefni skulu uppfylla flokk D_{fl}-s1 (flokkur G). Reiknað er með að gervigras og tartan efni geti uppfyllt viðkomandi flokk, en nánar verður gerð grein fyrir útfærslu á síðari stigum.
Brunahólfun
Byggingin mun mynda eitt meginbrunahólf.
Þjónustubygging verður aðskilin frá knattsal með EI60 skilum. Auk þess verða gangur, búningsklefar, geymslur og tæknirými í sér brunahólfum. Anddyri og starfsmannaaðstaða verður í sér brunahólfi.
Loftræsikerfi
Byggingin verður loftræst með vélrænni loftræsingu með loftræsisamstæðu á palli á gafli knattsalar.
Loftræsikerfum er ekki ætlað sérstakt hlutverk í bruna. Þannig skal frá þeim gengið að þau rýri ekki brunahólfun né stuðli að útbreiðslu reyks. Brunahólfun loftræsikerfis skal uppfylla sömu kröfur og brunahólfun í byggingunni almennt (veggir og hæðaskil brunahólfa).
Loftræsing í sal skal geta þjónað miklum fólksfjölda.
Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma slökkviliðs er frá vestri, að anddyri. Viðbragðsaðilar skulu geta komist að öllum hliðum byggingarinnar.
Burðarvirki við bruna
Burðarvirki þjónustubyggingar skulu uppfylla R60. Burðarvirki í knattsal verða steinsteypt upp í um 3 m hæð og skulu uppfylla R60, en óvarið stálvirki þar fyrir ofan.

Tæknibúnaður.
Vökvunarkerfi er fyrir gervigras á íþróttavelli. Fjórir sprautustútar eru við völlinn, tveir hvorum megin á langhliðum salarins. Stofnlögn vatns að stútunum er undir gólfi. Dæla kerfis er í inntaksklefa.
Hljóðvist
Byggingin er hönnuð með tilliti til byggingarreglugerðar sem vísar í hljóðkröfur í staðli ÍST45:2016. Hannað er samkvæmt hljóðflokki C fyrir íþróttamannvirki og eru stoðrými hússins einnig tekin fyrir eins og við á. Nánari lýsingar á hönnun er að finna í skýrslu hljóðverkfræðings.
Frágangur lóðar
Bílastæði við torg eru hellulögð, önnur bílastæði eru ýmist malbikuð eða lögð gegndræpu yfirborði (plastristar fylltar með grasi). Akstursbrautir milli bílastæða eru malbikaðar. Svæði við aðalinngang verður hellulagt. Ónnur svæði við hús eru lögð grasi/hellum og gróðurbeðum. Snjóbræðsla er á svæði við aðalinngang, bílastæði fatlaðra og gönguleið að bílastæðum. Afmarkað svæði er fyrir reiðhjól, með hjólabogum.
Yfirborðsvatn á hellulögðum og malbikuðum svæðum er leitt í regnvatnskerfi Hafnafjarðarbæjar á svæðinu.
Algild hönnun
Byggingin miðast við kröfur algildrar hönnunar. Hindrunarlaus umferðarbreidd og hæð inngangs-/útidyra er a.m.k. 0,83m x 2,07m. Hindrunarlaus umferðarbreidd og hæð innihurða er a.m.k. 0,80m x 2,00m
Meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna
Tilfallandi almennt sorp frá starfseminni er flokkað og meðhöndlað í flokkunagáma sem eru til staðar á lóð, vestar á svæðinu, við núverandi íþróttamiðstöð. Ekki er um notkun hættulegra efna í húsinu að ræða.

Heildarstærð byggingarinnar í m² og m³ (brúttóstærð), sbr. ÍST 50

Brúttó flötur:	Brúttó rúmmál:
	Botn: 2238,0 m³
1. hæð: 11.365,8 m²	1. hæð: 208.589,2 m³
Samtals 11.365,8 m²	**Samtals: 210.478,9 m³**

Stærð lóðar
Heildarstærð svæðis Ásvalla er um 14,3 ha skv. gildandi skipulagi
Nýtingarhlutfall: 0,13

Fjöldi bílastæða (þar af f. hreyfihamlaða) - bílastæðabókhald
84 stæði eru við knatthúsið, þar af 8 fyrir hreyfihamlaða.
Fyrir eru 175 stæði á lóðinni við íþróttamiðstöðina, þar af 11 fyrir fatlaða.

Umhverfismat og mótvægisaðgerðir
Umhverfismat vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á knatthúsi Hauka í Hafnafirði var framkvæmt samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þar sem eftirfarandi umhverfisþættir voru til umfjöllunar:

- Jarðminjar
- Vatnafar og lífríki Ástjarnar
- Gróðurfar
- Landslag og ásýnd
- Fornleifar
- Fuglalíf
- Hljóðvist og lýsing
- Útivist

Það var niðurstaða umhverfismatsins að valkostir væru í heild taldir hafa óveruleg áhrif til talsvert neikvæð áhrif á umhverfisþætti og væru áhrif talin sambærileg á milli valkosta.
Til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á umhverfiþætti voru lagðar fram mótvægisaðgerðir í samantekt úr umhverfismatsskýrslunni (sjá samantekt í kafla 16 í umhverfismatsskýrslunni og samatekt með byggingarleyfisumsókn) sem skal fylgja við framkvæmdina.

Samþykkt bann
25. JAN. 2023
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Sólveig Þorvaldsdóttir

ÖLL MÁL OG AÐSTÆÐUR ÁTHUGIST Á STAÐNUM ÁÐUR EN SMÍÐI HEFST.
ÓHEIMILT ER AÐ MÆLA UPP AF TEIKNINGUM.
ASK ARKITEKTUM SKAL TILKYNNT UM ÓSAMRÆMI OG VAFAATRIÐI ER UPP KUNNA AÐ KOMA.

ÖRUGG VERKFRÆÐISTOFA
Böðvar Tómasson
Yfirfarið af brunahönnuði
17.11.2022

ÚTG.	TEIKN.	YFIRF.	DAGS.	SKÝRING

ASK ARKITEKTAR EHF
GERÐSGÖTU 9
101 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0500
www.ask.is
HÖNNUÐUR AÐALÚPPDRÁTTA OG HÖNNUNARSTJÓRI
Helgi Már Halldórsson
Digitally signed by Helgi Már Halldórsson
Date: 2022.11.17 13:05:02 Z
Helgi Már Halldórsson — Arkitekt F.A.Í. — kt. 301258-7049 — helgimar@ask.is

ASK ARKITEKTAR

VERKEFNI
Knatthús Hauka
Ásvellir 1

TEGUND TEIKNINGAR: Aðaluppdrættir
HEITI TEIKNINGAR: Byggingarlýsing
MKV. 1 : A1
HANNAÐ: HMH
TEIKNAÐ: Tþ
YFIRF.: HMH
DAGS.: 26.10.2022
VERK NR.: 9623-ASK
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR: 10.003 - AT
ÚTGÁFA

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.